

## Fundargerð

Fundur í stjórn dvalarheimilisins Barmahlíðar  
miðvikudaginn 1. apríl 2015 kl. 10.

Fundarstaður: Fundarsalur í Stjórnsýsluhúsinu, Maríutröð 5a.

Mætt eru Áslaug Berta Guttormsdóttir formaður, Karl Kristjánsson og Sandra Rún Björnsdóttir. Einnig sátu fundinn Helga Garðarsdóttir hjúkrunarforstjóri og Ingibjörg B. Erlingdóttir sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.



## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu

#### 1. 1504001 – Málefni Barmahlíðar.

Skýrsla hjúkrunarforstjóra.

Hjúkrunarforstjóri lagði fram og fór yfir skýrslu hjúkrunarforstjóra. Farið var fyrir þau atriði sem unnið hefur verið að síðasta misseri, eins og endurnýjun á öllum rúmdýnum og rúmfötum, handklæðum o.fl. að hluta. Þá var farið yfir það sem er á döfinni, t.d. lagfæringu á baðaðstöðu og uppsetningu á sturtum, endurnýjun á rúmum og gerð upplýsingabæklinga. Þá lagði hjúkrunarforstjóri fram hugmyndir að verkefnum sem nauðsynleg eru. Stjórnin þakkar hjúkrunarforstjóra yfirferðina og upplýsingarnar.

#### 2. 1504002 – Starfshlutfall hjúkrunarforstjóra og verkefni.

Erindi frá hjúkrunarforstjóra, dagsett 11. febrúar 2014.

Farið yfir erindi hjúkrunarforstjóra og þau verkefni sem að starfinu lúta.

Stjórn Barmahlíðar samþykkir að starfshlutfall hjúkrunarforstjóra verði hækkað úr 85% í 100% starf. Samþykkt samhljóða.

#### 3. 1504002 – Tímabundið framlag til styrktar minnstu öldrunarstofnunum.

Erindi frá velferðarráðuneytinu, dagsett 4. mars 2015.

Samþykkt var að taka lið 3 í beinu framhaldi af máli 1 á dagskrá.

Lagt er fram fram bréf frá velferðarráðuneytinu, þar sem tilkynnt er að Barmahlíð hljóti rekstrarstyrk að upphæð kr. 3.652.958 árið 2015. Hjúkrunarforstjóri lagði fram í erindi sínu verkefni og hvernig nýta má styrkinn fyrir heimilið.

### Önnur má (ef einhver), löglega upp borin

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 11.30.

_____	_____
_____	_____
_____	_____